

## Reglugerð um Dómaranefnd Þríþrautarsambands Íslands

### 1. gr.

#### Skipan dómaranefndar

Dómaranefnd ÞRÍ starfar samkvæmt lögum og reglugerð ÞRÍ um dómara og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Dómaranefnd skal skipuð a.m.k. þremur einstaklingum. Formaður nefndar er kosinn af þingi ÞRÍ í samræmi við lög sambandsins. Stjórn ÞRÍ skipar meðstjórnendur. Nefndarmenn skipta með sér störfum og setur sér starfsreglur.

### 2. gr.

#### Hæfi stjórnarmanna

Formaður dómaranefndar skal hafa alþjóðleg dómara réttindi World Triathlon og aðrir nefndarmenn eða varamenn skulu hafa aðstoðardómara réttindi hið minnsta.

### 3. gr.

#### Fundir

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Nefndarmenn geta verið viðstaddir fundi með fjarfundarbúnaði.

Skrifstofa ÞRÍ annast umsýslu nefndarinnar og vistar útsend fundarboð með dagskrá og fundargerð sem hún sendir. Erindi til nefndarinnar skulu vera skrifleg og send skrifstofu ÞRÍ.

### 4. gr.

#### Hlutverk og verkefni

Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum ÞRÍ og er æðsti innlengi aðili um túlkun þríþrautarreglna utan lögskipaðra deilumálakerfa. Dómaranefndin ber ábyrgð á að skipa dómara á Íslandsmeistara- og bikarkeppnir ÞRÍ. Nefndin sér um að fara yfir nýjungar í reglum World Triathlon og innleiða í reglur ÞRÍ. Dómaranefnd semur tillögur að dómara reglum sem fjalla meðal annars um hlutverk yfir- og aðstoðardómara, þar með talið verksvið, valdsvið og vinnubrögð. Reglurnar skulu lagðar fyrir stjórn ÞRÍ til samþykktar.

Helstu verkefni dómaranefndar eru eftirfarandi:

- a. að halda skrá yfir alla starfandi dómara.
- b. að halda aðstoðardómaranámskeið.
- c. að vera sérfræðilegur ráðunautur stjórnar ÞRÍ í öllum málum er varða þríþrautardómara og þríþrautarreglur skv. beiðni hennar hverju sinni.
- d. að funda með þríþrautardómurum þar sem farið er yfir nýjungar í reglum.
- e. að veita viðurkenningu fyrir dómara tímabilsins.
- f. að skilgreina lágmarksfjölda dómara frá hverju félagi í Íslandsmeistara- og bikarkeppnum ÞRÍ.
- g. að veita aðildarfélögum og öðrum innlendum aðilum ráðgjöf um dómaramál.
- h. að setja árleg fyrirmæli fyrir dómara.

### 5. gr.

### **Önnur störf**

Dómaranefnd skal annast sérhvert það verkefni sem stjórn ÞRÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

### **6. gr.**

#### **Ágreiningsmál**

Stjórn ÞRÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum sem kunna að rísa út frá reglum þessum

### **7. gr. Gildistaka**

Starfsreglur þessar taka þegar gildi

Samþykkt af stjórn ÞRÍ 26.11.2023